



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

SAMÚÐARKVEÐJUR

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur sent samúðarkveðjur frá sér og íslensku þjóðinni til Willem-Alexander konungs Hollands og Yang di-Pertuan Agong konungs Malasíu.

Hin skelfilegu örlög vélar Malaysian Airlines, MH 17, hafi vakið sorg og samúð um allan heim. Hugur okkar og bænir séu hjá fjölskyldum þeirra sem létu lífið. Alþjóðasamfélagið þurfi að bregðast við með nánu samstarfi og nauðsynlegum aðgerðum.

21. júlí 2014

Nánari upplýsingar veitir skrifstofa forseta Íslands (540 4400).